

- 186 3. Allir bátar og bjargflekar, sem ekki eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins
12. okt. tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu hvenær sem er vera tiltæk.

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1939.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.

187

12. okt.

Auglýsing

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121 27. nóvember 1934, sbr. breytingu á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935 og 21. maí 1937.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar falli niður orðin „aðra en föstudaga“ og „en á föstudögum eigi síðar en kl. 8 síðdegis“.

2. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. másl. 3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðan en kl. 1 síðdegis, en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis.

Föstudaga á tímabilinu 14. maí til 13. september má hafa opið til kl. 8 síðdegis.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar orðist svo: Alla almenna virka daga, þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningarákvæði eru um í samþykkt þessari, til kl. 7 síðdegis. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. greinar samþykktarinnar komi inn ný málsg. svo hljóðandi:

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir og almenna frídaga, má þó jafnan hafa opna aðalbúð hvers brauðgerðarhúss frá kl. 8 árdegis til kl. 5 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Palmason.